

Nd.

525. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið, en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, þeir GunnG, JP og BGr, vill fresta afgreiðslu málsins, en undirritaðir, sem eru minni hluti nefndarinnar, vilja láta lögfesta frumvarpið á þessu þingi.

Frumvarpið hefur verið lagt fjórum sinnum fyrir Alþingi, en afgreiðslu þess alltaf verið frestað. Sýnist minni hlutanum, að svo til megi ekki lengur ganga.

Uppgræðsla foksanda og afréttarlanda, sem eru að blása upp, er aðkallandi mál, og þótt unnið sé að sandgræðslu á ári hverju og mikið og gott starf hafi á því sviði verið af hendi leyst, þá eru þó enn meiri verkefni fyrir hendi og mega ekki bíða.

Reynsla síðustu ára, síðan tilbúinn áburður kom til sögu og ýmsar frætegundir, sem reyndar hafa verið, sýnir, að uppgræðslan er tiltölulega auðveld með þeirri tækni, sem nú er fyrir hendi við þetta starf, og er þar sérstaklega átt við flugvélar til að dreifa með áburði og fræi.

Með þessari tækni er mögulegt að breyta svörtum sandauðnum í grónar lundur, bæði til heyöflunar og beitar fyrir búpening.

Sauðfé hefur mjög fjölgað á landi hér hin síðustu ár, eftir að mæðiveiki og garnaveiki hafa orðið að lúta í lægra haldi fyrir vörnum og lækningu. Viða skortir nú sumarhaga fyrir sauðfé, og hætta er á, að land fari í örtröð vegna þrengsla í högum, og er því mikil uppblásturshætta yfirvofandi.

Flestir munu sammála um, að hér þurfi að taka rösklega til verks við að græða landið og auka á þann hátt nytsemi þess. Um það var enginn ágreiningur í landbúnaðarnefnd. Það, sem ágreiningi veldur, er sú tekjuöflunarleið til stuðnings sandgræðslunni, sem 32. gr. frumvarpsins kveður á um. En þar er svo fyrir mælt, að leggja skuli gjöld, er nemi 5 krónum, á litra af áfengi í því formi, sem það er selt og afgreitt frá Áfengisverzlun ríkisins.

Þetta ákvæði um sérstakan skatt á áfenga drykki kveðst sandgræðslunefnd hafa sett í frumvarpið í stað gjalds á tóbaksvörur, sem nefndin hafði áður gert tillögu um. Segir sandgræðslunefnd í greinargerð, er fylgdi frumv., er það var lagt fram á löggjafarþinginu 1960—61, að það hafi verið tillaga núverandi landbúnaðarráðherra að taka heldur gjald af áfengi en tóbaki til sandgræðslunnar og að honum hafi þótt sem seilzt væri inn á svið skógræktarinnar um fjáröflun með fyrri tillögum sandgræðslunefndarinnar. Ætlaðist sandgræðslunefnd til, eftir því sem segir í greinargerð með frumvarpinu frá í fyrra, að skógræktin og sandgræðslan deildu gjaldi á tóbaksvörur að jöfnu milli sín. Hins vegar segir sandgræðslunefnd í greinargerð sinni, að hún telji „að fram komnu sjónarmiði landbúnaðarráðherra sjálfsagt að virða það í þeirri öruggu von, að það tryggi framgang frumvarpsins og eflingu sandgræðslunnar.“

Við þær umræður, er um málið urðu í landbúnaðarnefnd, kom í ljós, að samstaða var ekki í nefndinni um það ákvæði frumv. að leggja gjald á áfengi. Var meiri hluti nefndarinnar þeirri skattlagningu mótfallinn, en gerði engar aðrar tekjuöflunartillögur. Minni hlutinn getur fallið á tekjuöflunarleið þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og þar sem hann er málinu að öðru leyti eindregið fylgjandi, leggur hann til, að frumvarpið nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Alþingi, 28. marz 1962.

Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.
frsm.